

ÚRSKURÐUR

viðskiptaráðuneytis, þann 19. febrúar 1981, um málefni Fiskeldis hf.

Með bréfi dags. 7. þ. m. fór Hörður Ólafsson, hrl., þess meðal annars á leit fyrir hönd fjögurra hluthafa í Fiskeldi h.f., í Reykjavík, þeirra Eyjólf Friðgeirssonar, fiskifræðings, Hverfisgötu 47, Ingimundar Konráðssonar, frkvstj., Bakkagerði 16, Jakobs V. Hafstein, frkvstj., Grenimel 1 og Péturs Rafnssonar, frkvstj., Hagamel 17, Reykjavík, að viðskiptaráðherra úrskurðaði, sbr. 150. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, að stjórn Fiskeldis h. f. væri skylt að viðlögðum dagsektum eða vikusektum að fresta aðalfundi, sem til hefur verið boðað 21. febrúar n. k., uns úrslit hafa fengist um önnur kröfuatriði, sem nefnd eru í bréfinu.

Í 150. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög segir að vanræki stjórnendur skyldur sínar skv. lögnum, félagasamþykktum eða ályktunum hluthafafundar geti ráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákvæðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Kemur því ekki til greina að heita ákvæðinu um kröfu úrskurðarbeiðenda, sem lýtur að frestun starfa innan félagsins. Engin önnur ákvæði laganna heimila ráðherra að bjóða félagsstjórn að fresta aðalfundi.

Því úrskurðast:

Krafa úrskurðarbeiðenda verður ekki tekin til greina.

Viðskiptaráðuneytið, 19. febrúar 1981.

F. h. r.

Ásberg Sigurðsson.

Benedikt Þórðarsson.

5. mars 1981.

Nr. 150.

ÚRSKURÐUR

viðskiptaráðuneytis, þann 5. mars 1981, um málefni Fiskeldis hf.

Með bréfi, dags. 7. f. m., fór Hörður Ólafsson, hrl., þess á leit fyrir hönd fjögurra hluthafa í Fiskeldi h. f. í Reykjavík, þeirra Eyjólf Friðgeirssonar, fiskifræðings, Hverfisgötu 47, Ingimundar Konráðssonar, frkvstj., Bakkagerði 16, Jakobs V. Hafstein, frkvstj., Grenimel 1, og Péturs Rafnssonar, frkvstj., Hagamel 17, Reykjavík, að viðskiptaráðherra úrskurðaði, sbr. 150. gr. l. nr. 32/1978 um hlutafélög, að stjórn Fiskeldis h.f. væri skylt, að viðlögðum dagsektum eða vikusektum, að inna af hendi eftirtalin skylduverk:

1. að gefa út bráðabirgðaskírteini til áskrifenda skv. 7. gr. samþykktu félagsins, þar sem getið sé fjárhæðar áskriftar og greiðslna, ef inntar hafa verið af hendi;
2. að veita þeim áskrifendum, sem enn hefðu ekki greitt tilskilinn $\frac{1}{4}$ hluta „innan tveggja vikna frá stofnun félagsins“, kost á að efna það loforð gegn afhendingu til þeirra á lögmaetum bráðabirgðaskírteinum;
3. að ákveða á nýjan leik gjalddaga síðari greiðslna hlutafjár;
4. að tilkynna sérstaklega hluthöfum, sem í vanskilum kynnu að verða, með 4 vikna fyrirvara, ef hún ætlar að velja þann kost, að ráðstafa hlutum þeirra til annarra í stað þess að innheimta gjaldfallnar upphæðir með málsókn, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög;
5. að rifta þegar í stað sölu þeirra hluta, sem seldir kynnu að hafa verið öðrum en áskrifendum að þeim hlutum — andstætt reglum laga um hlutafélög;

6. að ógilda ákvörðun félagsstjórnarinnar um hækkun hlutafjár, sem tilkynnt var í bréfi 30. jan. s. l.;
7. að fresta aðalfundi, sem til hefur verið boðað 21. febrúar n. k., uns úrslit hafa fengist um ofangreind kröfuatriði;

Með bréfi, dags. 13. f. m., óskaði lögmaður úrskurðarbeiðenda eftir því fyrir hönd umbjóðenda sinna að orðalagi 5. töluliðs í bréfi hans frá 7. s. m. væri breytt og hann orðaður sem hér segir:

5. „að ógildar verði úthlutanir og sölur þeirra hluta, sem úthlutaðir eða seldir kynnu að hafa verið öðrum en upphaflegum áskrifendum, sbr. upphafsorð stofnsamningsins“.

Einnig setti lögmaðurinn fram þá kröfu í bréfinu, að umbjóðendum hans væri úrskurðaður málskostnaður úr hendi stjórnar Fiskeldis h.f. eftir mati ráðherra.

Með bréfi ráðherra, dags. 12. f. m., var stjórn Fiskeldis h. f. send framkomin úrskurðarbeiðni og þess óskað, að hún kæmi athugasemdum sínum við beiðnina á framfæri. Þann 13. f. m. barst ráðuneytinu bréf stjórnarinnar ásamt álitserð lögmanns hennar, Baldurs Guðlaugssonar, hdl. Úrskurðarbeiðninni var þar mótmælt og þess krafist „að málaleitan þessari verði synjað og vísað frá“.

— — —

Verður nú vikið að kröfum úrskurðarbeiðenda.

Um kröfulið nr. 1.

Við stofnun Fiskeldis h.f. 17. apríl 1980 hafði áskrift fengist að hlutafé fyrir 104,5 millj. g.kr. Stjórnin ákvað hvernig innheimta hlutafjár skyldi háttað innan þess ramma sem ákvæði samþykktá félagsins hafði að geyma. Var m. a. ákveðið í september 1980 að allt hlutaféð skyldi greitt til félagsins eigi síðar en 10. okt. þ. á. Með bréfi stjórnarinnar til hluthafa, dags. 19. nóv. s. l., var fresturinn framlengdur til 20. des. s. á., en hluthöfum jafnframt tilkynnt að hefðu þeir eigi greitt að liðnum þeim fresti mundi stjórnin neyðast til að fela lögfræðingi félagsins mál þeirra til innheimtu eða ógilda réttindi þeirra í félaginu og afhenda þau öðrum. Var þessi ákvörðun stjórnarinnar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 14. gr. hlutafélagalaga. Stjórn félagsins gaf ekki út bráðabirgðaskírteini á þann hátt, sem henni bar skv. 7. gr. samþykktá félagsins, en 13. f. m. gaf stjórnin hins vegar út hlutabréf til þeirra hluthafa, sem þá höfðu greitt það hlutafé, sem þeir höfðu skrifað sig fyrir. Þeir hluthafar, sem ekki höfðu greitt hlutafé sitt fyrir gjalddaga 20. des. s. l. voru vegna greiðsludráttar sviptir möguleika sínum til þess að eignast hlutabréf a. m. k. að nokkru leyti og hlutar þeirra fengnir öðrum. Þessa meðferð telja þeir ólögmeta gagnvart sér m. a. af þeim sökum, að afhending bráðabirgðaskírteina hafi verið forsenda þess, að þeim væri skylt að greiða hlutafé sem þeir skrifuðu sig fyrir.

Eins og fyrr segir hafa hlutabréf nú þegar verið gefin út. Útgáfa bráðabirgðaskírteina sýnist því ekki hafa gildi úr því sem komið er, enda hafa úrskurðarbeiðendur ekki sýnt fram á, að handhöfn eða útgáfa slíkra skírteina skipti þá nú máli að lögum. Ber að hafa hugfast í þessu sambandi, að ráðherra á ekki úrskurðarvald skv. 150. gr. hlutafélagalaga um það, hvort úrskurðarbeiðendum hafi verið rétt að draga greiðslu á þeim grundvelli sem þeir hafa fært fram í málinu. Af framangreindum sökum verður krafa úrskurðarbeiðenda nr. 1 ekki tekin til greina.

Um kröfulið nr. 2—6.

Ekki verður talið að stjórnendur hlutafélagsins hafi hér vanrækt skyldur sínar með þeim hætti sem 150. gr. hlutafélagalaga tekur mið af. Þvert á móti hefur stjórn

félagsins í öllum tilvikum tekið ákvarðanir í málefnum félagsins sem úrskurðarbeiðendur vilja nú fá breytt eða felldar úr gildi með tilteknum hætti. Umrædd lagagrein veitir ráðherra því ekki heimild, eins og mál þetta er vaxið, til þess að verða við umræddum kröfuliðum og verða þeir því ekki teknir til greina.

Um kröfulið nr. 7.

Um kröfu þessa féll úrskurður ráðherra 19. febrúar s. l.

Um málskostnaðarkröfu.

Í lögum er ekki að finna heimildir fyrir ráðherra til að úrskurða málskostnað í tilviki sem þessu. Hafna ber því kröfu úrskurðarbeiðenda.

Því úrskurðast:

Kröfur úrskurðarbeiðenda skv. 1.—6. tl., svo og krafa um málskostnað, verða ekki teknar til greina.

Viðskiptaráðuneytið, 5. mars 1981.

F. h. r.

Ásberg Sigurðsson.

Benedikt Þórðarsson.

REGLUGERÐ

um biskupskosningu.

Um kjörgengi.

1. gr.

Kjörgengur til embættis biskups Íslands er hver guðfræðikandidat, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður prestur í þjóðkirkjunni.

Um kosningarrétt.

2. gr.

Kosningarrétt við biskupskjör eiga:

- Allir þjónandi prestar og prófastar í þjóðkirkjunni, þ. á m. prestar þeir er 6. gr. 2. málsg., 7. gr. 1. málsg., 8. og 9. gr. laga nr. 35/1970 taka til, þjónandi vígslubiskupar og biskup, kennarar guðfræðideildar, sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar), enda séu þeir guðfræðikandidatar, biskupsritari með sama skilríði, svo og prestvígðir menn, sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum kirkjuráðs, enda taki þeir full árslaun úr kristnisjóði.
- Kjörnir leikmenn, sem sæti eiga á kirkjuþingi, þegar biskupskosning fer fram, svo og leikmenn, sem sitja í kirkjuráði, en eigi eru jafnframt kjörnir kirkjuþingsmenn.
- Ennfremur einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, þó tveir frá Reykjavíkurbiskupsdæmi, kjörnir af leikmönnum, sem eiga sæti lögum samkvæmt á héraðsfundi (safnaðarfulltrúar), til 4 ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.